

Reykjavík 29.03.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 24. mars 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Kollagrunn 2, Klébergsskóli

Lögð fram umsókn Finns Kristinssonar dags. 9. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðar Klébergsskóla á Kjalarnesi, Kollagrunn 2. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að skólanum um u.þ.b. 5 metra, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.


*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.*

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri og Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir deildarstjóri ásamt Önnu Elínu Jóhannsdóttur og Rínu Ásmundsdóttur frá Vegagerðinni taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir


Fylgiskjal: uppdr. Landslags ehf. dags. 8. mars 2021.




Gildandi deiliskipulag Klébergsskóla samþykkt 18.04.2000, breytt 13.04.2011, mkv 1:1000



Tillaga að breytti afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla, mkv. 1:1000



Hluti gildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt 24.02.2014



Greinargerð

Markmið: Vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar er afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla breytt þannig að skipulagsmörk sem snúa að Vesturlandsvegi færast í átt að skólanum um u.þ.b. 5 metra. Vegna aðstæðna í landi nær breikkun Vesturlandsvegar yfir stærra svæði en gert var ráð fyrir í upphafi. Gert er ráð fyrir að Esjuvegur lengist til norðurs og hliðrast þá breikkun Vesturlandsvegar í átt að Klébergsskóla.

Að öðru leiti er vísað í greinargerð deiliskipulagsins samþykkt 18.04.2000 og síðari breytingu frá 13.04.2011.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdarfresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Klébergsskóli - deiliskipulagsbreyting
Reykjavík - Grundarhverfi
Tillaga - Breytt afmörkun

KVÁRDI-A3: 1:1000	TEIKN NR:
DAGS: 08.03.2021	HANNAD:
FLOKKUR: 0000-reyk-A	TEIKNAD: HN
SKRÁ: 21017-dskbr.dwg	VERKNR: 21017

